

**BORGARRÁÐ 1. september 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. – MSS22090008**

Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 var samþykkt á fundi borgarstjórnar þ. 3. maí 2022, en fátt hefur spurst til hennar síðan og samþykkt aðgengisstefna t.a.m. ekki aðgengileg á vef borgarinnar. Flokkur fólksins óskar svara við eftirfarandi spurningum: Hvernig hefur Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verið kynnt fyrir borgarbúum? Hvernig hefur Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verið kynnt innan kerfis borgarinnar, svo sem í ráðum, deildum og stofnunum hennar? Hver er staða innleiðingar Aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030?